

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 202/2014

2014/EES/73/20

frá 3. mars 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. gr. (1. mgr.), 11. gr. (3. mgr.) og 12. gr. (6. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011⁽²⁾ er tekin saman skrá Evrópusambandsins yfir efni sem er heimilt að nota til framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti („skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni“).
- 2) Hinn 24. júlí 2012 gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu út jákvætt, vísindalegt mat á tveimur efnum til viðbótar, þ.e. 2-fenýl-3,3-bis(4-hýdroxýfenýl)þalimídíni⁽³⁾ og 1,3-bis(isósýanatómetýl)benseni⁽⁴⁾. Þessum efnum ætti nú að bæta á skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni, sem efnivið sem kemst í snertingu við matvæli (ESM), efni nr. 872 og 988.
- 3) Af vísindalegu mati á ESM-efni nr. 988 leiðir að hafa ætti eftirlit með flæði vatnsrofsefnis þess, 1,3-bensendímetanamíni. Efnið 1,3-bensendímetanamín er þegar leyft sem ESM-efni nr. 421. Þar eð eftirlit með flæði ESM-efna nr. 421 og 988 er á grundvelli flæðis ESM-efnis nr. 421 ætti að innleiða flokkatakmarkun sem nær yfir bæði efnin. Því ætti að breyta leyfinu fyrir ESM-efni nr. 421 og innleiða flokkatakmarkun í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 62, 4.3.2014, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtið ESB L 12 15.1.2011, bls. 1).

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2825.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2824.

- 4) ESM-efni nr. 340 (dísyánodíamíð) er leyft sem aukefni í plasti samkvæmt töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, án þess að um það gildi sértæk flæðimörk. Í álitinu í skýrslunni í 33. ritröð vísindanefndarinnar um matvæli⁽⁵⁾ var þolanleg, dagleg inntaka fastsett sem 1 mg/kg líkamsþyngd og af því leiðir að sértæk flæðimörk eru 60 mg/kg af matvælum. Þessi mörk koma heim og saman við almennu, sértæku flæðimörkin sem voru fastsett í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 10/2011. Þar eð sértæku flæðimörkin 60 mg/kg eru leidd úr frá eiturefnafræðilegum viðmiðunarmörkum, s.s. þolanlegri, daglegri inntöku, ætti þó að tiltaka sértæku flæðimörkin sérstaklega í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011.

- 5) Til að takmarka stjórnsýsluálag á rekstraraðila ætti að vera unnt að setja efnivið og hluti úr plasti, sem hafa verið settir á markað á lögmætan hátt á grundvelli þeirra krafna sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð, á markað til 24. mars 2015. Leyfilegt ætti að vera að hafa þá áfram á markaði þar til birgðir hafa verið fullnýttar.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 10/2011 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr:

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr:

Heimilt er að setja efnivið og hluti úr plasti, sem hafa verið settir á markað á lögmætan hátt fyrir 24. mars 2014 og sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar, á markað fram til 24. mars 2015. Þessi efniviður og þessir hlutir úr plasti mega vera áfram á markaði eftir þann dag þar til birgðir hafa verið fullnýttar.

⁽⁵⁾ Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli, 33. ritröð, bls. 31, skrifstofa opinberrar útgáfustarfssemi Evrópubandalaganna, Lúxemborg, 1995, ISBN 92-826-9275-2.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VÍÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt sem hér segir:

1) Töflu 1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar varðandi ESM-efni nr. 340 (dísyánóíamíð) komi eftirfarandi:

„340	47440	0000461-58-5	dísyánóíamíð	Já	Nei	Nei	60 ⁴⁴
------	-------	--------------	--------------	----	-----	-----	------------------

b) Í stað færslunnar varðandi ESM-efni nr. 421 (1,3-bensendímetanamín) komi eftirfarandi:

„421	13000	0001477-55-0	1,3-bensendímetanamín	Nei	Já	Nei	34 ⁴⁴
------	-------	--------------	-----------------------	-----	----	-----	------------------

c) Eftirfarandi færsla bættist við í samræmi við númeraröð:

„872		0006607-41-6	2-fenýl-3,3-bis(4-hýdroxýfenýl) þalimidín	Nei	Já	Nei	0,05	Eingöngu til notkunar sem sameinliða í pólýkarbónatsamfjölliður	20 ⁴⁴
------	--	--------------	---	-----	----	-----	------	---	------------------

d) Eftirfarandi færsla bættist við:

„988		3634-83-1	1,3-bis(isósýanatómetyl) bensen	Nei	Já	Nei	34)	Samanlögð sértæk flæðimörk gjalda um flæði vatnsrofsefnis þess, 1,3-bensendímetanamín	Eingöngu til notkunar sem sameinliða við framleiðslu á húðun á miðlagi á fjöllíufilnu úr pólý(etylentereþalati) í marglaga filnu. ⁴⁴
------	--	-----------	---------------------------------	-----	----	-----	-----	---	---

2) Eftirfarandi færsla bættist við í töflu 2:

„34		421	0,05	Gefið upp sem 1,3-bensendímetanamín ⁴⁴					
		988							

3) Eftirfarandi færsla bættist við í töflu 3:

„20)	Efnið inniheldur amilín sem óhreinindi; samþrófun á samræmi við takmörkunina sem er sett vegna eingreindra, arómatiskra amina í 2. lið II. viðauka er nauðsynleg.								
------	---	--	--	--	--	--	--	--	--